

Priðjudaginn 22. febrúar 1955.

Nr. 113/1954. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)

gegn

Margeiri Jóni Magnússyni

(Sigurgeir Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um brot gegn húsaleigulögum. Sök fyrnd.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hafði veitt viðtöku húsaleigugreiðslum þeim, sem hann er sakaður um að hafa tekið með ólöglegum hætti, ekki síðar en í maímánuði 1950. Réttarrannsókn út af þessum verknaði ákærða hófst hinn 29. október 1952. Var sök þá fyrnd samkvæmd lögjöfnun frá 1. tölulið 81. gr. laga nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákærvaldsins.

Samkvæmt þessu ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda í héraði, kr. 600.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Margeir Jón Magnússon, á að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Ólafs Björnssonar héraðsdómslögmanns, kr. 600.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. apríl 1954.

Ár 1954, laugardaginn 10. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadóms, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1484/1954: Ákærvaldið gegn Margeiri Jóni Magnússyni, sem tekið var til dóms 23. f. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 13. ágúst f. á., er opin-

bert mál höfðað gegn Margeiri Jóni Magnússyni verkamanni, Stýri-mannastíg 9, hér í bæ, „fyrir að hafa gerzt sekur um brot á lögum um húsaleigu samkvæmt 13. gr. laga nr. 39 frá 1943 með því að hafa á tímabilinu 15. apríl 1949 til 15. maí 1950 leigt 1 herbergi með eldhúsaðgangi í kjallara hússins Skipasund 62 fyrir herra verð en hann hafði heimild til.

Ákæríst því nefndur Margeir Jón Magnússon til að sæta refsingu samkvæmt 17. gr. laga nr. 39 frá 1943, til endurgreiðslu oftekinnar húsaleigu samkvæmt 13. gr. sömu laga og til greiðslu alls sakar-kostnaðar“.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. september 1925 á Ísafirði, og hefur, svo að vitað sé, ekki sætt öðrum kærur og refsingum en þeirri, að 22. ágúst 1949 fékk hann 150 króna sekt fyrir vanrækslu á skoðun bifhjóls og akstur þess án skrá-setningarmerkis.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Árið 1948 hóf ákærði byggingu hússins nr. 62 við Skipasund, hér í bæ, og lauk að mestu við það á árinu 1950. Húsið er 65 m², ein hæð og kjallari. Á hæðinni eru 3 herbergi og bað, en í kjallara 2 herbergi og eldhús.

Þegar kjallarinn var um það bil að verða fullbúinn veturinn 1948—1949, skýrði ákærði Sigurði Einari Eysteinsyni verkamanni, Karfavogi 13, hér í bæ, en þeir höfðu verið vinnufélagar, frá því, að hann hefði hug á að leigja eitt herbergi með aðgangi að eldhúsi í kjallara hússins. Kveðst ákærði hafa sagt Sigurði Einari, að hann vildi fá fyrir hið leigða 800 kr. á ári í leigu, sem greidd væri fyrirfram, en Sigurður Einar man ekki, hvað ákærði sagði um leiguna.

Sigurður Einar hafði hug á því að kaupa hæð á Hraunteigi 12, hér í bæ, sem Þuríður Jónsdóttir, Bergstaðastræti 10 A, hér í bæ, átti, en Ása Ásmundsdóttir tengdadóttir hennar bjó þá í ásamt tveimur börnum sínum. Þuríður sagði Sigurði Einari, að ekki gæti orðið af kaupunum, þar sem hana vantaði húsnæði handa Ásu. Nokkru seinna skýrði Sigurður Einar Þuríði frá því, að ákærði vildi leigja kjallaraherbergi í Skipasundi 62 ásamt aðgangi að eldhúsi. Kveður Þuríður, að hann hafi sagt henni, að leigan eftir húsnæðið ætti að vera 350 kr. á mánuði og greiðast 1 ár fyrirfram. Sigurður Einar hefur ekki rengt þenna framburð, en kveðst ekki muna nánar eftir málsatvikum, þar á meðal hvað há húsaleigan átti að vera.

Nokkru síðar fóru þau Þuríður og Sigurður Einar heim til ákærða í Skipasundi 62 og hittu hann þar og Sesselju Haraldsdóttur, sam-býliskonu hans.

Þuríður hefur borið það, að ákærði hafi þá strax viljað taka sam-an samning um leigu húsnæðisins og að þau skrifuðu undir hann. Ákærði hafi farið fram í eldhús, og hafi þá Sigurður Einar hnippt

í hana og sagt, að hún skyldi ekki skrifa strax undir samninginn, en athuga málið betur. Hún hafi svo sagt við ákærða, að hún vildi ekki strax undirrita samning. Hún kveðst ekki muna eftir því, hvort minnst var á leiguhæð í þetta skipti, en gengur út frá því, að svo hafi verið. Á heimleiðinni hafi Sigurður Einar býsnazt yfir því, hve leigan væri há.

Sigurður Einar minnst þess ekki, að hann segði við Þuríði, að hún skyldi ekki skrifa strax undir leigusamning, heldur athuga málið nánar, og minnst þess heldur ekki, að hann býsnaðist yfir því við Þuríði á heimleið, hve leigan væri há. Þetta megí þó rétt vera, en hann sé frekar gleyminn.

Sesselja man eftir komu Þuríðar í Skipasund 62, en ekkert nánar frá þeirri heimsókn eða erindi hennar.

Ákærði hefur borið það, að Þuríður hafi komið tvisvar heim til hans. Í fyrra skiptið hafi hún skoðað leiguhúsnæðið í kjallaranum, en í seinna skiptið hafi hún verið ákveðin í að taka það á leigu, og hafi hún beðið hann um að leigja það ekki öðrum. Hann man ekki, hvort minnst var á leiguhæð, en gengur út frá því, að svo hafi verið, þegar Þuríður kom í seinna skiptið og máskje hafi það einnig verið í fyrra skiptið.

Kvöld eitt nokkru síðar kom ákærði heim til Þuríðar á Bergstaðastræti 10 A til að ganga frá leigu húsnæðisins. Að ósk Þuríðar fóru þau upp á loft til Gests Guðmundssonar, sem þar bjó, en Gestur hafði verið ráðunautur Þuríðar um ýmis fjármál hennar. Var gerður skriflegur leigusamningur milli Þuríðar og ákærða um húsnæðið og tekið fram í honum, að hinu leigða fylgdi einnig aðgangur að þvottahúsi. Leigutími var 1 ár, frá 15. apríl 1949 til 15. apríl 1950. Tekið var fram í samningnum, sem dagsettur er 26. marz 1949, að húsaleigan sé greidd fyrir leigutímabilið, en hæð leigunnar er ekki tilgreind.

Þuríður Jónsdóttir hefur borið það, að ákærði hafi krafizt sömu leigu og fyrr, 350 kr. á mánuði, og að ársleigan, kr. 4200.00, væri greidd fyrir fram. Hún hafi aðeins haft kr. 2300.00 handbærar þetta kvöld, og því hafi hún beðið Gest um að lána henni þær 1900 kr., sem á vantaði. Gestur hafi gert það og ritað tékka fyrir þessari fjárhæð. Ákærði hafi svo tekið bæði við tékkanum og 2300 krónunum. Gestur hafi haft orð á því, að hæð leigunnar yrði greind í samningnum, en ákærði hafi ekki viljað það. Þá hafi Gestur viljað fá kvittun ákærða fyrir leigugreiðslunni, en ákærði hafi ekki viljað gera það vegna skatta. Síðan kveðst Þuríður hafa farið út í bæ. Einum eða tveimur dögum síðar hafi hún endurgreitt Gest 1900 krónurnar í herbergi hans, og hafi hún þá séð — að vísu lauslega — kvittun ákærða fyrir húsaleigugreiðslunni í skrifborðsskúffu, sem Gestur opnaði. Minnir hana, að Gestur hafi sagt henni í þetta skipti, að ákærði hefði látið hann fá kvittun fyrir leigugreiðslunni.

Gestur Guðmundsson hefur borið það, að leigan eftir umrætt hús-

næði hafi verið 350 kr. á mánuði og átt að greiðast 1 ár fyrir fram. Þuríður hafi aðeins haft 2300 krónur handbærar um kvöldið. Þá hafi hann að beiðni hennar lánað henni það, sem á vantaði, 1900 krónur í tékka, sem hann hafi ritað í því skyni. Þá hafi hann útbúið kvittun fyrir greiðslu leigunnar, en ákærði hafi neitað að skrifa undir hana af því að það væri tekið fram í samningnum. Gestur kveðst hafa sagt, að leiguupphæðin væri þar ekki greind, og hafi hann myndað sig til að taka 2300 krónurnar og tékkann aftur. Ákærði hafi þá skrifað undir kvittunina með sýnilegu ógeði, staðið upp, stungið peningaseðlunum og tékkanum í vasa sinn og farið burt. Hann hafi svo afhent kvittunina nokkrum mánuðum síðar á skrifstofu málflutningsmanns Þuríðar.

Kvittun þessi hefur verið lögð fram í málinu, dskj. nr. 6, er hljóðar svo:

„Rvík, hinn 26/3 1949.

Í dag hefur Þuríður Jónsdóttir greitt húsaleigu f. 1 herbergi og eldhúsaðgang í húsinu Skipasund 62. Leigan er frá 15/4 '49 — 15/4 '50 — fjögur þúsund og tvö hundruð — sem hér með viðurkennist. Kr. 4.200,—

Margeir J. Magnússon“.

Benedikt Friðriksson verkamaður, Hraunteig 24, hér í bæ, sem ritaði ásamt Gestu Guðmundssyni sem vitundarvottur að undirskrift ákærða og Þuríðar undir húsaleigusamninginn, hefur ekkert getað borið um, hver hæð húsaleigunnar var eða hvort ákærði gaf kvittun fyrir greiðslu húsaleigu.

Þuríður lét húsaleigunefnd meta leigu eftir hið leigða húsnæði, og samkvæmt matsgerð, dags. 14. október 1949, taldi nefndin hæfilega grunnleigu eftir húsnæðið vera kr. 70.00 á mánuði, eða kr. 1298.85 fyrir ársleigutímabilið.

Þuríður höfðaði síðan mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn ákærða til endurgreiðslu oftekinnar húsaleigu.

Ákærði mætti í bæjarþingi Reykjavíkur 20. febrúar 1950 og staðhafði þá, að ársleigan fyrir húsnæðið hefði aðeins verið 800 krónur, og hefði Þuríður greitt þá leigu fyrir fram, þegar gengið var frá leigusamningnum hjá Gestu Guðmundssyni. Hefði leigan verið greidd með tékka, sem Gestur gaf út af því tilefni. Á dómþingi þessu var ákærða tjáð, að samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands væri þar ávísun með útgáfudagsetningu 27. febrúar 1949, útgefin af Gestu Guðmundssyni til handa honum og kvittuð með nafni hans, að fjárhæð kr. 1900.00. Kvaðst ákærði þá ekki geta skilið í þessu og neitaði sem fyrr að hafa tekið við meira en 800 krónum í húsaleigu. Neitaði hann því eindregið að hafa undirritað kvittunina á dskj. nr. 6, sem lagt var fram í málinu.

Þegar ákærði var yfirheyrður í sakadómi Reykjavíkur um málið, breytti hann framburði sínum frá því í bæjarþinginu á þann veg,

að ársleiga húsnæðisins hefði verið kr. 1900.00 og greidd með tékka, sem Gestur gaf út. Hélt ákærði fast við það, að hann hefði ekki fengið hærri húsaleigu og að hann hefði ekki undirritað kvittunina á dskj. nr. 6 eða aðra kvittun. Nafn hans á kvittuninni hefði því verið falsað.

Fyrrgreind tengdadóttir Þuríðar, Ása Guðmundsdóttir, flutti síðan í húsnæðið í Skipasundi 62, en fór þaðan um haustið, því að hún vildi ekki vera þar með börn sín yfir veturinn.

Þuríður Jónsdóttir kveðst hafa fengið leyfi til að framleigja húsnæðið, og til að auðvelda framleigu hafi hún fengið leigutímabilið framlengt um 1 mánuð til 14. maí 1950. Kveðst Þuríður hafa greitt Sesselju Haraldsdóttur 350 krónur í leigu fyrir þenna mánuð, en fékk ekki kvittun fyrir greiðslunni. Fjárhæðin hafi verið í umslagi, sem skrifað hafi verið á 350 krónur, og hafi Ása Ásmundsdóttir verið viðstödd, þegar greiðslan fór fram í leiguhúsnæðinu. Ása Ásmundsdóttir hefur staðfest þenna framburð Þuríðar að öllu leyti.

Sesselja Haraldsdóttir minnst þess ekki, að Þuríður eða Ása hafi nokkurn tíma afhent henni peningafjárhæð, og hún minnst þess ekki að hafa nokkru sinni tekið við leigu fyrir umrætt húsnæði.

Ákærði kveðst ekki hafa tekið við peningum frá Sesselju Haraldsdóttur, sem hafi átt að vera húsaleigugreiðsla Þuríðar Jónsdóttur.

Móðir ákærða, Kristín Guðrún Björnsdóttir, frú, Hofteigi 52, hér í bæ, hefur borið það, að þegar kjallari hússins að Skipasundi 62 var tilbúinn til íbúðar, hafi ákærði boðið henni að taka á leigu eitt kjallaraherbergi ásamt aðgangi að eldhúsi. Húsaleigan hafi átt að vera 300 krónur á mánuði og hiti og ljós innifalið. Kristín Guðrún kveðst hafa hafnað þessu boði, af því að henni líkaði vel það húsnæði, sem hún þegar hafði, en leiga þess var 250 krónur á mánuði án ljóss og hita. Áætlaði hún, að þau leigukjör væru svipuð og ekki lakari en þau, sem ákærði bauð henni. Stuttu síðar hafi leigjandi komið í leiguhúsnæði ákærða. Kristín Guðrún kveðst ekki hafa vitað, hver húsaleigan var, en hún bjóst við því, að hún væri 300 krónur á mánuði, því að ákærði sagði henni, að hann ætlaði að leigja húsnæðið fyrir þá fjárhæð á mánuði. Sesselja Haraldsdóttir hafi verið viðstödd samtöl þessi.

Sesselja Haraldsdóttir kveður, að ákærði og Kristín Guðrún hafi einu sinni ræðzt við um, að hin síðarnefnda kæmi í kjallaraherbergið. Kristín Guðrún hafi ekki haft áhuga á þessu húsnæði. Minnir Sesselju, að talað hafi verið um, að Kristín Guðrún myndi geta fengið húsnæðið eitthvað ódýrara en það húsnæði, sem hún var í, en leigu þess kvað hún vera 300 krónur á mánuði.

Ákærði kveðst ekki minnast þess, að hann byði Kristínu Guðrúnu móður sinni umrætt húsnæði, en hann vill ekki rengja framburð hennar og telur líklegt, að það geti vel verið rétt, sem hún hefur sagt um það mál.

Lárus Axel Helgason, yfirmaður tæknideildar rannsóknarlögregluunnar, hefur rannsakað kvittunina á dskj. nr. 6 og rithönd ákærða. Álitur Lárus Axel, að ákærði hafi skrifað nafn sitt undir kvittunina.

Þá hafa þeir Helgi Hjörvar skrifstofustjóri útvarpsráðs og Guðmundur Guðjónsson kennari verið dómkvaddir til að gefa álit um, hvort ákærði hafi undirritað umrædda kvittun. Niðurstaða þeirra er þessi:

„Við teljum vera mjög sterka líkingu með sérkennum í nafnritun M. J. M. (þ. e. kærða) yfirleitt og nafninu undir umræddri kvittun. Við teljum, að nafnritanirnar Margeir J. Magnússon undir leigusamninginn annars vegar og umdeilda kvittun hins vegar séu svo nauðalíkar (að frátekinni stafvillunni), að nær ógerningur sé að álykta, að önnur undirskriftin sé fölsuð, ef hin er ekta“.

Eins og að framan er rakið, hefur ákærði breytt framburði sínum um upphæð leigunnar eftir umrætt húsnæði á Skipasundi 62 úr 800 króna ársleigu í bæjarþingi í 1900 króna ársleigu í sakadómi. Þá verður og að telja sannað með framburði vitnisins Kristínar Guðrúnar Björnsdóttur, móður ákærða, sem hann hefur ekki rengt, svo og með framburðum annarra vitna, að ákærði hafði í hyggju að leigja húsnæðið á 300—350 kr. á mánuði. Þykir því þegar af þessum ástæðum verða að leggja samhljóða framburði þeirra Þuríðar Jónsdóttur og Gests Guðmundssonar um hæð húsaleigunnar til grundvallar í málinu. Samkvæmt þessu er næg sönnun fengin fyrir því, þó að ákærði hafi ekki viljað við það kannast, að Þuríður Jónsdóttir hafi átt að greiða kr. 4200.00 í ársleigu fyrir umrætt húsnæði, og skyldi fjárhæðin greiddast fyrir fram. Einnig er sannað með framburðum þeirra Þuríðar Jónsdóttur og Gests Guðmundssonar, að þessi fjárhæð var greidd við undirskrift húsaleigusamningsins.

Þá verður einnig að telja, að með álitni hinna dómkvöddu manna, þeirra Helga Hjörvars og Guðmundar Guðjónssonar, og með álitni Lárusar Axels Helgasonar svo og með framburði Gests Guðmundssonar, sé næg sönnun fengin fyrir því, þó að ákærði hafi ekki viljað við það kannast, að ákærði hafi ritað nafn sitt undir kvittunina á dskj. nr. 6 fyrir greiðslu húsaleigunnar.

Loks er sannað með samhljóða framburðum þeirra Þuríðar Jónsdóttur og Ásu Ásmundsdóttur, að hin fyrrnefnda greiddi kr. 350.00 í húsaleigu fyrir tímabilið 15. apríl 1949 til 15. maí 1950.

Samkvæmt þessu er sannað, að ákærði hefur fengið kr. 4550.00 í leigu eftir húsnæðið fyrir allt leigutímabilið frá 15. apríl 1949 til 15. maí 1950, en það er kr. 3139.15 umfram löglega leiguhæð. Hefur ákærði með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 17. gr. laga nr. 39 7. apríl 1943 um húsaleigu.

Ákærði hefur ekki í ákæruskjali verið ákærður fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940, og kemur því ekki til álita brot hans gegn ákvæðum þeirra laga, en ákærði sat

í gæzluvarðhaldi frá 29. október til 13. nóvember út af meintu slíku broti.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 2500 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með varðhaldi í 18 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þuriður Jónsdóttir hefur afturkallað kröfu sína í málinu um endurgreiðslu oftekinnar húsaleigu, þar eð hún hefur höfðað mál gegn ákærða fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til slíkrar endurgreiðslu.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í málinu, Ólafs Björnssonar hdl., kr. 600.00.

Dómsorð:

Ákærði, Margeir Jón Magnússon, greiði 2500 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með varðhaldi í 18 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Ólafs Björnssonar hdl., kr. 600.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. febrúar 1955.

Nr. 56/1954. **Ákæruvaldið** (Ingólfur Jónsson hdl.)

gegn

Rúnari Sophusi Hansen. (Sveinbjörn Jónsson).

Öflun framhaldsgagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Með úrskurði í sakadómi 15. október 1953 kvað héraðsdómari svo á, að rannsókn skyldi framkvæmd á andlegri heilsu og þroska ákærða. Rannsókn þessi var falin dr. Helga Tómassyni yfirlækni, og hefur skýrsla hans um ákærða frá 12. nóvember 1953 verið lögð fram í málinu, svo sem í héraðsdómi greinir. Auk eigin athugana á ákærða hefur yfirlækningurinn látið gera heilarit ákærða, eins og í skýrslu yfirlæknisins getur.

Aður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir með skírskotun til 2. gr. laga nr. 14/1942 rétt, að leitað sé álits Lækna-